

**Fundargerð 351. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 4. apríl 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. **Fundur settur**
1. **Fundargerð síðasta fundar**
2. **Ráðning nýs starfsmanns**
3. **Úttekt á afstöðu félagsmanna- Maskína**
4. **Uppsögn ritstjóra Sjúkraliðans**
5. **Félagsstjórnarfundur**
6. **Greiðsla úr Starfsmenntasjóði SLFÍ til reksturs skrifstofu**
7. **Skoðun lögmanns á hugsanlegri stefnu vegna launaskriðstryggingar**
8. **Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ, 15. maí**
 - Kosning formanns
 - Útsending frá þinginu
 - Fundarstjórar
 - Ritarar
 - Ársskýrsla
 - Drög að ályktunum
 - Uppstilling
 - Viðskilnaður formanns
 - Reikningar félagsins
 - Tillögur að lagabreytingum
 - Starfsnefndir þingsins
10. **Kjarasamningar**
 - Samstarfsnefndafundir
 - Bókun 8 með kjarasamningi
 - Bókun 10
 - Vinna við að könnunin verði kláruð á Sólvangi
 - Endurskoðun á starfslýsingum á LSH
 - Kæra á öryggislistum á LSH
11. **Ráðstefna um öldrunarmál**
 - Dreifing dagskrár
12. **Norðurlandamót í „hjúkrun“**
13. **Álit lögfræðings á hvort félagsdeildar fái sértæka kennitölu og þurfi að vera skráðar hjá fyrirtækjaskrá.**

14. Fyrirspurn til Persónuverndar varðandi innritunarskjal í SLFÍ

- Gangast undir
 - Lög félagsins
 - Siðareglur
 - Reglur
 - Samþykki fyrir því að félagið hafi heimild til þess að nálgast og nýta það sem félagið þarfnast við að vinna að bættum kjörum, réttindum o.fl.
 - Setja þetta upp þannig að hægt sé að senda innritun rafrænt þar sem gefinn er kostur á að haka við hvað það þýðir að undirgangast félagsaðild

15. Orlofsmál

16. Kostnaðarskipting vegna 1. maí í Reykjavík [Tölvupóstur](#)

Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur

Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Ráðning nýs starfsmanns á skrifstofu SLFÍ

GÓG fór yfir að ráðningarstofan HH ráðgjöf hafi aðstoðað við val á starfsmanni og sent á félagið upplýsingar um átta einstaklinga. Ákveðið var að ræða við 3 og tveir af þeim boðaðir í annað viðtal. Niðurstaðan var að Birna Ósk Björnsdóttir var ráðin og hefur hafið störf.

4. Úttekt á afstöðu félagsmanna frá Maskínu

KÁG fór yfir að starfsmaður Maskínu ráðgjafar hefði óskað eftir fundi til að fara yfir þjónustu þeirra varðandi könnun á líðan félagsmanna í starfi o.fl.

5. Uppsögn ritstjóra Sjúkraliðans

Farið var yfir að Elías Snæland Jónsson (ESJ) sem verið hefur ritstjóri Sjúkraliðans frá 2002 hafi sagt „starfi“ sínu upp. Málið verður skoðað frekar, en mikil eftirsjá er af ESJ. Fundur verður með ESJ á morgun til að fara yfir stöðuna.

6. Félagsstjórnarfundur fyrir þing SLFÍ

Farið var yfir dagskrá fundarins, sem að mestu leyti er mótuð af þingi félagsins.

7. Greiðsla úr Starfsmenntasjóði SLFÍ til reksturs á skrifstofu félagsins

Beiðni kom frá endurskoðanda félagsins um að tekið væri fyrir í framkvæmdastjórn SLFÍ hvort að Starfsmenntasjóður SLFÍ sem áður var Starfsmenntasjóður BSRB leggi eitthvað til reksturs á skrifstofunni vegna þjónustu við sjóðinn. Málið rætt og ákveðið að sjóðsstjórnin endurskoði úthlutunarreglunum og móti þær upp á nýtt fyrir komandi ár með tilliti til breytinga á sjóðum félagsins samkvæmt bókun 8. Ákveðið var að

leggja til að sjóðurinn greiði til rekstur á skrifstofunni c.a. 1/3 af stöðugildi þegar þar að kemur.

8. Álit lögmanns á hugsanlegri stefnu vegna útfærslu á greiðslu launaskriðstryggingar

GÖG fór yfir að búið væri að kynna aðdraganda og útfærslu launaskriðstryggingarinnar fyrir lögmanni og leggja fram öll gögn og er hann að kynna sér málið í þaula og ráðfæra sig við lögmann sem þekkir málið betur. Að þeirri yfirferð lokinni mun hann taka afstöðu til þess hvort hann telji möguleika á að fara með málið fyrir dómstóla.

9. Undirbúningur að Fulltrúaþingi SLFÍ þann 15. maí

Farið var yfir stöðuna varðandi kosningu til formanns félagsins, en kosið er um þrjá aðila. Kynningarfundur fór fram fimmtudaginn 15. mars í félagsaðstöðu SLFÍ og var hann sendur út og var til áfram á youtube. Fundurinn var vel sóttur og útsendingin gekk vel og var töluvert áhorf. Kynningarbæklingur um frambjóðendur sem unnin var af Elíasi Snæland var dreift með orlofsblaðinu. Kosning hóst 3. apríl og stendur til 10. apríl og er hún rafræn.

Ákveðið var að biðja Birnu Ósk um að setja saman fréttatilkynningu til fjölmiðla um að kosning til formanns félagsins er í gangi.

Þegar niðurstöður formannskjörs liggur fyrir verður niðurstaðan kynnt opinberlega. Rætt var um að gott væri að senda út frá Fulltrúaþingi SLFÍ og fá Sigurð hjá ap-media til að halda utan um það. Málið rætt og ákveðið að skoða málið frekar, en KÁG og GÖG munu fá upplýsingar um hugsanlegan kostnað af slíkri útsendingu.

Ákveðið var að leggja til við félagsstjórn að Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ og Kristín Ólafsdóttir varaformaður SLFÍ verði fundarstjórar og Birna Ósk og Jakobína Rut verði ritarar á þinginu.

Ársskýrslan er komin vel á veg í vinnslu og búið er að óska eftir að formenn svæðisdeilda sendi myndir á prentarann.

Rætt var um drög að ályktunum fyrir komandi þing og ákveðið að senda á formenn deilda og óska eftir hugmyndum/tillögum frá deildunum um hvaða málefni eigi að álykta um á komandi þingi SLFÍ.

Farið var yfir að fráfarandi formaður mun áfram vera í ákveðnum störfum á vegum BSRB og SLFÍ og JJS og GÖG falið að koma með tillögum um starfslok formanns. Reikningar félagsins eru í lokavinnslu og verða fljótlega tilbúnir.

Fram kom að einu breytingarnar á lögum félagsins, sem lagðar verða fyrir þingið eru að Orlofssjóður komi undir 28. gr. laga félagsins þ.s. aðrir sjóðir eru tilteknir.

Rætt var um hvort skipa eigi starfsnefndir á þinginu til að fara yfir helstu mál sem varða félagið og félagsmenn, en það var gert á síðasta þingi.

10. Kjarasamningar

KÁG gerði grein fyrir að óskað hafi verið eftir samstarfsnefndarfundum á HSA sem fyrst til að fara nánar yfir uppfærslu á stofnanasamningi/röðunarkafli samningsins. Svar hefur ekki borist frá stofnuninni, en hjúkrunarforstjórinn hefur verið í fríi.

Ekkert hefur gerst varðandi bókun 8 sem varðar greiðslur í sjóði félagsins frá ríkinu. Áfram verður þrýst á Guðmund H, því breytingarnar sem verða gilda frá 1. júní 2016. Vinna vegna bókunar 10 hefur legið niðri, en ljóst er að svör vantar frá stjórnendum Sólvangs, en þeir áttu eftir að svara þeim hluta könnunar þ.s. spurt var um veikindi og notkun stubbavakta. GÖG gerði grein fyrir að hann hafi fundað með stjórnendum

Sólvangs þann 27. mars þ.s. m.a. var farið yfir stöðu sjúkraliða á stofnuninni og líðan þeirra og nauðsyn þess að klára að svara könnuninni og í ljósi væntanlegra niðurstaðna bregðast við ef.

Endurskoðun starfslýsinga á LSH er enn í vinnslu og næsti fundur verður þriðjudaginn 10. apríl.

Öryggislistar á LSH. Farið var yfir að Gísli Guðna Hall lögmaður hefur gert athugasemdir við framlagðan/auglýstan öryggislista frá LSH, sem félagið hafði áður reynt að fá leiðréttan. Svör hafa borist og stefnir í að listinn verði kærður, en lögmaður félagsins hefur ekki farið yfir þau.

KÁG fór yfir að Sigrún Stefánsdóttir sjúkraliði á Heilbrigðisstofnun Reykjaness hafi fengið höfnun á að lausnarlaun verði greidd samkvæmt kjarasamningi, þ.e. samkvæmt gr. 12.2.6 þ.s. álag og fleira er greitt. KÁG var búin að ræða við Guðmund H sem ætlaði að vinda ofan af röngu svari sem ráðuneytið hafði svarað stofnuninni. Ekkert gerst í málinu og stofnunin heldur sig við að einungis séu greidd grunnlaun. KÁG hafði samband við ráðuneytið og talaði við Krístrúnu fulltrúa í ráðuneytinu, sem fer í málið og leiðréttir og sendir svo KÁG póst um afgreiðsluna.

11. Ráðstefna um öldrunarmál

KÁG fór yfir að dagskrá ráðstefnunnar hefur verið yfirlesin og er klár. Ákveða þurfi á hverja eigi að senda dagskrána, hverjum eigi að bjóða sérstaklega og hvar eigi að auglýsa. Ráðstefnan fer fram 26. apríl 2018 á Hótel Natura og er Ögmundur Jónasson ráðstefnustjóri.

12. Norðurlandamót í hjúkrun

Farið var yfir væntanlega þátttöku fulltrúa SLFÍ á mótinu. Sjúkraliðanemarnir sem unnu Íslandsmótið 2017 munu keppa fyrir hönd Íslands. Hafdís Dögg er í sambandi við stjórnendur mótsins í Noregi og þjálfara keppenda. Áður varúið að ákveða að styrkja þjálfarann til starfans og BÓ falið að vera í samstarfi við fulltrúa skólans og styðja úr Starfsmenntasjóði.

13. Álit lögfræðings á hvort félagsdeildar fái sérþeka kennitölu og þurfi að vera skráðar hjá fyrirtækjaskrá.

GÖG fór yfir að úiúið væri að ræða við lögfræðing BSRB um stofnun sérstakrar kennitölu fyrir deildar félagsins og skrá í fyrirtækjaskrá. Lögfræðingurinn taldi enga ástæðu til að skrá hverja deild félagsins á sérþeka kennitölu til þess að framfylgja þeim lagabreytingum að fjármunir deilda félagsins sem lagðar verði niður renni til félagsins. Eðlilegra sé að hafa bækurnar í nafni deildanna á kennitölu félagsins. Einnig var rætt við starfsmann ríkisskattstjóra og var hann á sama máli.

14. Fyrirspurn til Persónuverndar varðandi innritunarskjal í SLFÍ

GÖG fór yfir að úiúið væri að senda fyrirspurn á lögfræðing hjá Persónuvernd, sem varðar þær hugmyndir félagsins að með innritun staðfesti félagsmaður að hann undirgangist lög-, siðareglur og reglur félagsins og gefi leyfi til að launagögn viðkomandi verði nýtt í starfi félagsins.

15. Formannaráð BSRB

KÁG fór yfir að setja á af stað nefnd sem fer yfir persónuverndarlöggjöfina og er óskað eftir framboðum frá félögum. Samþykkt er að KÁG tilnefni JJS sem aðalman og sig sem varamann í nefndina.

16. Orlofsmál

GÖG fór yfir 3. apríl hafi verið opnað fyrir umsóknir um orlofskosti fyrir komandi sumar og opið verði fyrir umsóknir til 9. apríl. Fram kom að illa gengi að fá gjafabréf frá WOW þ.s. krafa væri frá WOW um að keyptir væru 300 miðar sem gilda aðeins í eitt ár. Unnið er að því að fá annað félag til að kaupa miða sameiginlega. JT mun senda inn fyrirspurn til orlofssjóðs varðandi niðurgreiðslu sjóðsins á orlofskostum SLFÍ.

16. Kostnaðarskipting vegna 1. maí í Reykjavík

KÁG fór yfir að borist hafi tölvupóstur varðandi dreifingu kostnaðar á þau félög sem standa að 1. maí hátíðarhöldunum í Reykjavík. [Tölvupóstur](#)
Farið var yfir heildarkostnaður 1. maí 2017 er 2.265.672 kr. Sjúkraliðafélagið greiðir 14,38% sem gerir 325.695 kr. sem er í takt við s.l. ár.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18.45